

## 15 AÐGERÐIR

HELSTU AÐGERÐIR	MAGNETT MARKMIÐ 2030
 <p><b>1 15 mínútna hverfi</b> Í gegnum hverfisskipulag, endurnýjun hverfiskjarna og fjárfestingu í innviðum verði hverfi borgarinnar gönguvænni og aðgengi að grænum svæðum, útivist og þjónustu tryggt í 15 mínútna göngu- eða hjólaferi.</p>  <p><b>2 Græn borgarþróun</b> Þróun borgarinnar verði öll innan skilgreindra vaxtarmarka hennar og 80% uppbyggingar íbúðahúsnæðis verði innan þægilegrar fjarlægðar frá Borgarlínu.</p>  <p><b>3 Orkuskipti alls staðar</b> Heildstæð áætlun verði gerð og hrint í framkvæmd um innviði fyrir orkuskipti fyrir einkabíla með hleðslustöðvum í hverfum, atvinnubíla, flutningabíla, í almennings-samgöngum, í höfnum og á sjó.</p> <p><b>4 Hjólreiðaborg á heimsælikvarða</b> Endurskoðuð hjólreiðaáætlun setji sér sem markmið að Reykjavík verði hjólreiðaborg á heimsælikvarða.</p> <p><b>5 Borgarlína og betri almenningsamgöngur</b> Betri og afkastamiklar almenningsamgöngur leiki ásamt þéttingu byggðar lykilhutverk við að ná markmiðum um breyttar ferðavenjur. Nánari loftslagsmarkmið verði skilgreind fyrir samgöngusáttmála ríkis og SSH.</p>	<p>Samtals um 170.000 tonn</p>
 <p><b>6 Urðun verði hætt</b> Mótuð verði heildstæð aðgerðaráætlun um hringrás og endurvinnslu til að styðja við sjálfbærari meðhöndlun úrgangs.</p>  <p><b>7 Græn matarstefna</b> Matarstefna borgarinnar verði innleidd og efnt til samstarfs um grænan landbúnað á Kjalarnesi.</p>	<p>54.000 tonn</p>
 <p><b>8 Grænn byggingariðnaður</b> Efnt verði til samstarfs við atvinnulífið um grænni byggingariðnað.</p>  <p><b>9 Gas í grjót</b> Þekking og lausnir OR og Carbfix verði þróaðar til bindingar koltvísyrings og eftir atvikum annarra gróðurhúsalofttegunda í samvinnu við háskóla og fyrirtæki sem losa mikið.</p> <p><b>10 Endurheimt votlendis</b> verði aukin samkvæmt sérstakri áætlun.</p> <p><b>11 Loftslagsskógar Reykjavíkur</b> Loftslagsskógar verði eflir í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur og skógræktaráætlun kynnt.</p>	<p>Byggingariðnaður hafi náð kolefnishlutleysi</p> <p>22.000 vegna kolefnishlutlausar orkuvinnslu</p> <p>45.000 tonn vegna landnotkunar</p>
<p><b>STOÐ-AÐGERÐIR</b> sem ná þvert hinar</p> <p><b>12 Rekstur Reykjavíkurborgar</b> <b>Jarðefnaeldsneyti út árið 2025</b> Ekki verði keyptir bílar eða tæki sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti á vegum borgarinnar frá og með 2021 og bílum og tækjum sem þegar eru til staðar verði skipt út fyrir árið 2025. (-800 tonn)</p> <p><b>Aðlögun að loftslagsbreytingum</b></p> <p><b>13 Blágrænar ofanvatnslausnir</b> Ný hugsun í veitukerfum með bættri nýtingu vatns og blágrænum ofanvatnslausnum verði regla í nýjum hverfum og við endurnýjun þeirra eldri.</p> <p><b>14 Flóðavarnir verði útivistarsvæði og garðar</b> Ráðist verði í eflingu flóðavarna meðfram strandlengjunni þar sem þarf og stefnt að því að úr verði útivistarsvæði, strandgarðar og aðstaða til sjávarbaða á völdum stöðum.</p> <p><b>Vitundarvakning og nýsköpun</b></p> <p><b>15 Samstarf við atvinnulíf</b> Áfram verði unnið með Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð og fyrirtækjum undir merkjum Loftslagsyfirlýsingar Reykjavíkurborgar og Festu að frekari árangri í öllum greinum atvinnulífs.</p>	